Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 261/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Baldri Þór Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um gæsluvarðhald, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur og allur kostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til 5. júlí nk. vegna aðildar hans að ætluðu broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur þegar viðurkennt aðild sína að brotinu bæði fyrir lögreglu og dómara, og það hafa jafnframt sökunautar hans gert. Eru skýrslur þeirra samhljóða. Rannsóknarlögregla ríkisins byggir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins. Þá verður ekki heldur talið, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn vegna kæru um brot á 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Agnar Guðjónsson, eigandi fyrirtækisins Byssusmiðju Agnars, Kópavogi, tilkynnti um kl. 18.00 í gærkvöld lögreglunni í Kópavogi, að þrír grímuklæddir menn hefðu ruðst inn í fyrirtæki sitt fyrir stundu, einn þeirra vopnaður haglabyssu, sem hann beindi að sér, en hinir vopnaðir trékylfum. Er lögregla kom á vettvang, hafði Agnar einn árásarmannanna í haldi, en hinir höfðu hlaupið út, eftir að Agnar hafði úðað þá gasi. Að sögn Agnars voru mennirnir með hettu yfir höfði sér, er þeir komu inn í verslunina, og hefðu þeir ráðist að sér og einn þeirra beint byssu að brjósti sér. Agnar kveðst hafa gripið um hlaup byssunnar og beint því frá sér, en um leið úðað gasi framan í árásarmanninn. Þá hefði ráðist að sér sá með trékylfuna og slegið sig þungt högg á herðablað og víðar. Til frekari átaka hefði komið og tveir árásarmannanna komist undan, en hann haft einn þeirra í haldi, er lögregla kom á staðinn.

Rannsóknarlögregla handtók í gærkvöld hina árásarmennina tvo, og hafa þeir báðir gengist við verknaðinum.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi skv. 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins. Ber því skv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Baldur Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.